

76  
27. júlí

## REGLUGERÐ

um

sauðfjárrækt.

### 1. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum, með samþykki meiri hluta bænda í sveitinni, að banna að hrútar gangi lausir í sveitinni á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert, eða nokkurn hluta þess tíma.

### 2. gr.

Þegar sveitarfélag gerir samþykkt eftir 1. gr., skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hvaða tíma bannað er að láta hrúta ganga lausa. Samþykktina skal sveitarstjórn kunngera öllum fjáreigendum sveitarinnar.

### 3. gr.

Nú hittist hrútur gæzlulaus innan sveitar, er gert hefir samþykkt eftir 1. gr., og er þá þeim, er finnur, skylt að taka hann í vörzlu, og gera eiganda hans svo fljótt, sem unnt er, aðvart um hann. Eigandi hrútsins skal vitja hans, eða ráðstafa honum á annan hátt, innan viku frá því hann fékk tilkynninguna, en geri hann það ekki, má að þeim tíma liðnum fara með hrútinn sem óskilafé.

### 4. gr.

Sektir fyrir brot á ákvæðum 1.—3. gr. skal ákveða í sveitarsamþykkt þeirri, sem um getur í 1. gr., og skulu sektir vera svo sem fyrir er mælt í 20. gr. reglugerðar þessarar. Valdi hrútur skaða á annara manna fé, á þeim tíma, er óleyfilegt var að hafa hann lausan, og um megi kenna vangæzlu eiganda hans, skal eigandinn þar að auki greiða þeim skaðabætur, er fyrir tjóninu varð, að mati tveggja manna, er til þess eru kvaddir af sýslumanni.

### 5. gr.

Heimilt er mönnum að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjárins. Slík félög kallast sauðfjárræktarfélög.

Sauðfjárræktarfélög skulu gera með sér samþykktir eftir fyrirmynd er Búnaðarfélag Íslands gefur út, og skal í samþykkt félagsins tekið fram meðal annars:

- a) að halda skuli fódur- og þungaskýrslur um kynbótaféð,
- b) að halda skuli ættbók yfir kynbótaféð, og merkja hvern einstakling þess einstaklingsmerki,
- c) hvernig haga skuli skýrsluhaldi til þess að fá sem öruggasta vissu um erfða- eðli einstaklinganna,

- d) hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ærtala félagsmanna ekki vera lægri en 50 og hvers einstaks félaga ekki hærri en 30. 76  
27. júlí

#### 6. gr.

Heimilt er að greiða félögum, er ræðir um í 5. grein, styrk úr ríkissjóði, ef Búnaðarfélag Íslands hefir staðfest samþykktir þeirra og þau haga að öðru leyti starfi sínu samkvæmt fyrirmælum þess og reglugerð þessari. Styrkurinn rennur í félagssjóð, og greiðist úr ríkissjóði, þegar félagið hefir sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands og það ekkert fundið athugavert við starf félagsins. Árlegur styrkur sé kr. 50,00 fyrir hvern 1. verðlauna hrút, er félagið á, og allt að kr. 50,00 fyrir hverjar 100 kynbótaæar, sem í félaginu eru.

Ráðherra getur eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands veitt einstökum mönnum, er fullnægja a, b og c-lið 5. gr., sama styrk og sauðfjárræktarfélagum.

#### 7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur styrkt úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktar-bú, tvö í hverjum landsfjórðungi, með allt að kr. 800,00 hvert, gegn eigi minna en þriðjungs tillagi frá búnaðarsamböndum eða annars staðar frá.

Búnaðarfélag Íslands setur búunum starfsreglur, og skal þar taka fram að búíð skuli fullnægja ákvæðunum í a, b og c-lið 5. greinar. Að öðru leyti ber Búnaðarfélagi Íslands að hafa eftirlit og yfirumsjón með búunum, og ber þeim að hlýða fyrirmælum þess í öllum greinum.

Nú hættir styrkþegi sauðfjárræktarbús að reka búíð, og er honum þá skylt að láta kynbótaféð af hendi við Búnaðarfélag Íslands til ráðstöfunar, ef það óskar þess. Ákveður þá Búnaðarfélag Íslands í samráði við aðra, sem styrkt hafa búíð, hvort það skuli starfa áfram og þá hvar. Verði féð keypt handa þeim, sem rekur sauðfjárræktarbúíð áfram, greiðist það með því verði, sem tveir óvillballir dómkvaddir menn meta.

#### 8. gr.

Fjórða hvert ár skal halda hrútasýningar í einstökum hreppum, ef a. m. k. helmingur þeirra sveitarfélaga, er sauðfjárrækt stunda í sýslunni óska þess.

Skipta skal landinu í þessi sýningarumdæmi:

1. Þingeyjarsýslur, Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýslu.
2. Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu, og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
3. Vestur-Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, og Gullbringu- og Kjósarsýslu.
4. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur og Strandasýslu.

76

27. júlí

9. gr.

Ríkissjóður styrkir sýningar þær, sem um ræðir í 8. gr., með allt að tveim aurum á hverja framtalda kind í hreppnum það ár, sem sýningin er haldin, gegn jöfnu tillagi annars staðar að, og skal fé þessu varið til verðlauna á hrútum.

10. gr.

Þar sem sýning er haldin, skal hreppsnefnd sjá um sýningarstað og annast um allan undirbúning sýningarinnar. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

11. gr.

Búnaðarfélag Íslands sendir ráðunaut sinn eða annan hæfan mann á sýningarnar, og skal hann þar gefa mönnum leiðbeiningar um vaxtareinkenni úrvals-sauðfjár og um val kynbótafjár. Hreppsnefnd velur tvo menn í dómnefnd, en ráðunauturinn er sjálfkjörinn oddviti dómnefndar og hefir hann neitunarvald í dómnefndinni. Flokka skal hrúta eftir aldri. Skulu þrevetrir og eldri hrútar vera sér í flokki, tvævetrir í flokki sér, og veturgamlir sér, og ber að dæma hvern flokk fyrir sig.

12. gr.

Á hverri sýningu skal skrásetja alla sýnda hrúta, vega þá og mæla. Þegar sýningar hafa verið haldnar í öllum sýningarumdæmum landsins, eftir að reglur þessar koma til framkvæmda, má ekki veita fyrstu verðlaun fyrir hrút, nema ætt hans sé kunn og reynsla fengin fyrir því hvernig hann er til undaneldis. Búnaðarfélag Íslands skal áður en þetta kemur til framkvæmda setja reglur um, hvað upplýsa beri og á hvern hátt, svo fullnægjandi sé.

13. gr.

Eftir að dómnefndarmenn hafa skoðað vandlega alla sýnda hrúta, skal kveða upp dóm um þá, og skal oddviti nefndarinnar gera grein fyrir dóminum, og helztu atriðum um sauðfjárræktina.

14. gr.

Enginn má fara með sýndan hrút af sýningu fyrr en sýningu er slitið, nema með leyfi dómnefndar.

15. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að setja nánari reglur um sýningarnar, svo sem um dómstiga og fleira, ef því þykir ástæða til, en ekki mega þær koma í bága við lög um þetta efni, eða reglugerð þessa.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna til samkeppni milli sauðfjársjúa. Samkeppnin skal bundin við ákveðna landshluta og samskonar staðhætti, í hvert

sinn. Samkeppni þessi skal til þess gerð, að komizt verði að raun um hverjir eigi arðsamast og bezt fé, og til þess að fá gleggri þekkingu í einstökum atriðum um fódrun og hirðingu sauðfjár, og skal haga skýrslusöfnun og reikningshaldi um samkeppnisbúin eftir fyrirælum Búnaðarfélags Íslands.

**76**  
27. júlí

17. gr.

Til eftirlits og verðlauna við samkeppni þá, er um ræðir í 16. gr., má greiða úr ríkissjóði allt að 5000 kr. á ári, unz samkeppni hefir farið fram í öllum sýningarumdæmum landsins. Þegar lokið er einni umferð um landið, má fara aðra, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ástæða til þess og þess er óskað af fjáreigendum á hlutaðeigandi samkeppnissvæðum.

Búnaðarfélag Íslands skipar þrjá menn í dómnefnd.

Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun þeim, er að dómi dómnefndar eiga arðsamast og bezt fé.

18. gr.

Áður en samkeppnin byrjar setur atvinnumálaráðherra nákvæmar reglur um fyrirkomulag samkeppninnar, svo sem tímalengd, er hún standi yfir, skýrslur og reikninga, er gera skal um fódur og arðsemi fjárins, reglur, er dæma skuli eftir verðlaun og fleira. Reglur þessar skal birta um leið og boðin er þátttaka í samkeppninni.

19. gr.

Verði ágreiningur um skilning á reglugerð þessari sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er það fullnaðarúrskurður.

20. gr.

Brot móti reglugerð þessari varðar sektum frá 10—100 krónum, er renna í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt búfjarræktarlögum nr. 32, 8. september 1931, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1932.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vígfús Einarsson.*